

Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar



Fréttabréf 4. tbl. 12. árg. apríl 2018

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Skólaforðun

Á undanförunum mánuðum hefur umræða um fjarvistir nemenda úr skólum aukist í samfélaginu. Hugtök eins og skólaforðun eru orðin algengari en það þýðir að nemandinn forðast skólann af einhverjum ástæðum. Í þessu fréttabréfi er lögð áhersla á fræðslu til foreldra og forráðamanna um áhættuþætti sem geta skapast þegar skólasókn er slitrótt af hvaða orsökum sem það er. Einnig verða drög að viðbót við skólasóknarkerfi skólans kynnt.

Skólaforðun er stundum skipt í fjögur stig en það getur komið að góðum notum þegar verið er að greina vandann.

1. Nemandi mætir ekki í skólann vegna tilfinningaerfiðleika, þar með vegna kvíða og þunglyndis.
2. Nemandi mætir ekki í skólann því hann vill forðast einhverjar sérstakar aðstæður sem eru í skólanum.
3. Nemandi mætir ekki í skólann til að fá athygli frá fjölskyldu eða öðrum í umhverfi sínu. Þeir sem falla undir þennan hóp geta t.d. verið börn með alvarlegan aðskilnaðarkvíða sem þeir hafa þróað með sér til að fá athygli. Þeir geta sýnt áberandi stjórnsama og ögrandi hegðun með miklu látbragði, reiðiköstum, öskrum eða þeir hlaupa í burt.
4. Nemandi mætir ekki í skólann af því aðrir staðir eru áhugaverðari. Þar getum við notað hugmyndaflugið. Þeir geta verið í tölvunni, verslunarmiðstöðinni, sofið, hitta vini eða nota eiturlyf og áfengi.



Þörf er á vitundarvakningu í skólum og hjá foreldrum og sem úrræði er mikilvægt að heimili og skóli vinni saman og fái aðstoð ef þarf.

Vandinn er fjölþættur og engin ein lausn til við honum. Það þarf að huga að mörgum þáttum eins og svefni, rútínu, samveru, álagi af vinnu, snjalltækjanotkun og mörgu fleiru.

Íslendingar hafa látið skólaforðun svolítið afskipta. Þröskuldurinn er a.m.k. hár hér. Erlend viðmið segja að það sé viðunandi að barn eða unglingur sé allt að 9 daga úr skóla á hverju skólári. Hættumerki varðandi líðan er þegar barn er 9-17 daga í burtu úr skóla. Og það er langvarandi fjarvera ef nemandi er 18 daga eða meira úr skóla eða 10% og slík fjarvera getur haft veruleg áhrif á líðan nemanda. Fjarvistir, jafnvel þó þær séu vegna veikinda eða annarra eðlilegra orsaka geta áhrif á líðan nemenda.

Þess má geta að í Grunnskóla Hornafjarðar var meira en helmingur nemenda búinn að vera frá skóla í 10 daga eða fleiri þegar farið var í páskafrí. Samkvæmt erlendum viðmiðum þá geta slíkar fjarvistir haft áhrif á líðan nemenda.

Viðbót við skólasóknarkerfi

Eins og flestir vita þá er haldið utan um skólasókn nemenda í skólanum. Það felur í sér að fylgst er með mætingum, skil á verkefnum, hvort þeir koma seint í tíma og svo frv. Nú hefur verið unnið að því að bæta við skólasóknarkerfið samkvæmt fyrirmynd frá Reykjavíkurborg og snýst viðbótin um að stundum þarf að skoða tilkynnt forföll nánar. Þessi viðbót skólasóknarkerfisins vegna leyfis og eða veikinda er leið til þess að grípa betur inn í hugsanlegan skólasóknarvanda.

Þegar nemandi er tilkynntur veikur eða í leyfi þarf ávallt að skoða forfallasögu hans í skólanum. **Ávallt skal skoða a.m.k. síðustu þrjá skólamánuði, bæði með tilliti til leyfis og veikinda.** Greining er gerð á forföllum allra nemenda mánaðarlega. Miðað er við forföll önnur en langtímaveikindi, s.s. vegna slysa eða samfelldra leyfa.

Viðbrögð vegna nánari skoðunar á skólasókn nemenda eru í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1 (5 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Ef nemandi er með fleiri en 5 forfalladaga, sendir umsjónarkennari bréf til foreldra í gegnum Mentor (Ástundun - bréf til foreldra) og ræðir síðan við foreldra.

Þrep 2 (10 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Ef nemandi er með fleiri en 10 forfalladaga, sendir umsjónarkennari aftur bréf til foreldra í gegnum Mentor (Ástundun – bréf til foreldra) og ræðir síðan við foreldra. En ef 80% eða meira af þessum forfalladögum eru veikindadagar, hringir skólahjúkrunarfræðingur heim og tekur erindið upp í Nemendaverndarráði ef þörf þykir.

Þrep 3 (15 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Ef nemandi er með fleiri en 15 forfalladaga, boðar umsjónarkennari foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda og tekur erindið upp í Nemendaverndarráði ef þörf þykir.

Þrep 4 (20 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Ef nemandi er með fleiri en 20 forfalladaga, boðar skólastjórnandi foreldra til fundar ásamt fulltrúum Nemendaverndarráðs (s.s. hjúkrunarfræðing, námsráðgjafa).

Þrep 5 (30 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Ef nemandi er með fleiri en 30 forfalladaga greinir skólastjórnandi Nemendaverndarráði skólans frá skólasókn nemandans sem tilkynnir síðan til Barnaverndar og félagsþjónustu Hornafjarðar og boðar tilkynningafund ef þörf þykir.

Þessi kynning á viðbót við skólasóknarkerfið hefur þegar verið kynnt í skólaráði og skólanefnd mun taka það fyrir á næsta fundi. Foreldrar eru hvattir til að koma með athugasemdir og fyrirspurnir til skólastjórnenda. Markmið skólans er að stuðla að velgengni og vellíðan nemanda.



Hafnarhittíngur 15 maí

Síðasti Hafnarhittíngur vetrarins verður um miðjan maí. Stefnt er að 15. maí en hugsanlega breytist það ef veðrið verður mjög leiðinlegt. Áherslan núna verður heilsueflingu í víðasta skilningi. Það sem tekið verður fyrir er m.a. samvera, útivist, hreyfing, hollt mataræði og ýmislegt fleira. UMF Sindri verður stór aðili á dagskránni og mun bæði kynna starfsemi í sumarsins og standa fyrir sprikli sem hentar fólki á öllum aldri. Hugmyndir um félagslandbúnað kynntar ásamt fleiru.

Eins og áður verður boðið upp á mat á kostnaðarverði og nú horfum við sérstaklega á grænmetisfæði og léttu rétti en samt eitthvað sem allir borða.

Nánari dagskrá auglýst síðar en takið frá tímann 16:00-20:00 þann 15. maí.

Matseðill í maí

- 2. maí Steiktur fiskur með karrýsösu
- 3. maí Kjúklingabollur með heilhveiti pasta
- 4. maí Súpa, brauð og álegg.

- 7. maí Ofnsteiktur fiskur.
- 8. maí Vínarsnitsel með rauðkáli
- 9. maí Heimalöguð fiskibuff

- 11. maí Súpa, brauð og álegg.

- 14. maí Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 15. maí Kjötbollur með brúnni sósu.

- 16. maí Eggjasteiktur fiskur
- 17. maí Hamborgari og franskar.
- 18. maí Kjötsúpa.

- 22. maí Gúllas með kartöflumús.
- 23. maí Steikt bleikja með smjöri
- 24. maí Kjúklingaborgari með frönskum
- 25. maí Grjónagrautur brauð og álegg.

- 28. maí Plokkfiskur með rúgbrauði.
- 29. maí Tortillakökur með hakksösu

**Verndum umhverfið – hugum að heilsunni –
notum eigin orku**



Nú er svo sannarlega kominn tími hjólanna - munum samt eftir hjálminum því hann getur gert kraftaverk ef við lendum í óhappi 😊